



Starfræn hreyfiröskun



Almennar upplýsingar

Starfræn hreyfiröskun (e. *functional neurological disorder*) er vel þekkt. Greining er oft erfið og oftast eru það taugasérfræðingar eða læknar sérfróðir um starfræn einkenni sem greina vandamálið. Röskunin stafar ekki af skemmd eða sjúkdómi í vefjum, heldur af truflun í starfsemi taugakerfisins, þ.e.a.s. hvernig unnið er með upplýsingar milli heilans og líkamans.

Einkenni

Einkenni geta verið margvísleg, en algengustu hreyfieinkenni eru göngulagstruflanir, máttmínnkun, skjálfti, kippir og truflun á vöðvaspennu. Þannig getur einstaklingur t.d. upplifað þyngsli í hlið, að hann missi hluti eða að líkamshluti sé á einhvern hátt sérkennilegur. Það sem er einstakt við starfrænar hreyfiraskanir er að þær versna við athygli en úr þeim dregur þegar athygli er beint frá þeim. Þó einkenni séu ekki af vefrænum toga, geta þau verið ógnvekjandi og hamlandi.

Orsakir

Starfrænar hreyfiraskanir eru flóknar. Þær eiga sér enga eina orsök og geta komið upp í kjölfar ýmissa aðstæðna. Röskuninni fylgja oft áhyggjur, angist og deyfð en það er hins vegar ekki orsök vandamálsins.

Þó starfræn hreyfiröskun sé flókin er þekking á vandamálinu sífellt að aukast og hugmyndir um eðli þessarar röskunar hafa þróast mikið á síðustu árum. Sem dæmi eru hér nokkur atriði varðandi starfræna hreyfiröskun sem þekkt eru í dag:

- Röskunin er fjölþætt og trúlega er engin ein orsök heldur samspil margra þátta sem valda því að röskunin þróast hjá einstaklingi.
- Starfræn hreyfiröskun er hvorki ímyndun né uppgerð.
- Einstaklingar eru mismunandi og sumir geta tengt við atriði/aðstæður s.s. áverka, veikindi, aðgerð, álag, kvíðakast o.fl. sem þeir töldu vera kveikjuna að röskuninni.
- Einkenni starfrænnar hreyfiröskunar aukast þegar athygli er beint að þeim.
- Einkennin geta stundum minnkað snarlega án meðferðar, en einnig geta einkenni verið þrálát og ekki minnkað þrátt fyrir góða meðferð.

Greining

Greining byggir á ýtarlegri sjúkrasögu og einkennum sem eru dæmigerð fyrir starfræna röskun. Slík einkenni geta meðal annars verið breytileiki í vöðvastyrk og/eða breytileiki í færni við mismunandi aðstæður sem koma fram við skoðun. Greiningin byggir þannig á breytileika og ósamræmi í birtingu einkenna, en rannsóknir m.t.t. útilokunar á vefrænum sjúkdómum eru engu að síður eðlilegur og oft stór liður í greiningarferlinu.

Meðferð

Fræðsla er lykilþáttur í meðferð starfræna hreyfiraskana. Þegar þörf krefur, visar læknir einstaklingi með starfræna hreyfiröskun í meðferð hjá öðrum fagaðila með reynslu af starfrænum einkennum, s.s. sjúkraþjálfara, iðjuþjálfra, talmeinafræðingi eða sálfræðingi.

Í meðferð sjúkraþjálfara er markmiðið að leiðrétta hreyfiröskun og áhersla er lögð á fræðslu. Í fræðslunni er m.a. rætt um viðhorf einstaklings til einkenna, væntingar og trú á framför. Unnið er í að laða fram eðlileg hreyfimumstur og þá m.a. með æfingum þar sem athygli er beint frá einkennum.

Horfur

Góðar líkur eru á fullum bata, þar sem engar skemmdir hafa orðið á vefjum. Meðferðin byggir m.a. á að einstaklingurinn treysti greiningunni og sé tilbúinn að vinna með hana. Oft verður þá bati á undraskömmum tíma. Stundum tekur batinn lengri tíma og það getur vissulega verið krefjandi og erfitt.

Frekari upplýsingar um starfræna hreyfiröskun

Góðar upplýsingar eru á vefsíðunni: neurosymptoms.org